


## Afstöðumynd

M 1:1000

Byggingarlýsing:

Skeiðháholt 1, Skeiðum, gripahús
Staðgreinir: 8720-2-00078000
Landnúmer : 166494

Fyrirhugað er að byggja nýtt hús á staðnum fyrir geldneyti og uppeldi á gripum.

Húsið verður að stærstum hluta eitt stórt aðalrými en skipt upp með stíum fyrir mismunandi aldur gripa. Rimlar verða á gólfi í stíum en steyptur fóðurgangur eftir miðju húsinu. Hálmur verður í stíum yngstu gripa. Í norðurhorni hússins verður svæði til fóðurblöndunar ofl.

Fjöldi gripa í húsi skal ekki fara yfir mörk sem tilgreind eru í viðauka 1 í reglugerð nr. 438/2002 um aðbúnað nautgripa og eftirlit með framleiðslu mjólkur og annarra afurða þeirra.

Haugkjallari verður undir stærstum hluta hússins. Dælubrunnur verður við norðvesturhlið hússins og hræruop á fóðurgangi.

Byggingin verður steinsteypt með stálbitum í þaki, klædd með stálklæddum samlokueiningum (pir), bæði á veggjum og á þaki. Sléttum 40mm þykkum einingum á veggjum og 40/72mm þykkum á þaki. Undirstöður, gólfplötur og haugkjallari verða úr járnbentri steinsteypu.

Útgönguleiðir fyrir menn og skepnur verða skv. teikningu. Gönguhurð verður á norðaustur gafli hússins og á langhlið suðvestan til í húsinu. Tvöföld gönguhurð er einnig á norðvestur hliðinni. Iðnaðarhurðir verður á sitthvorum gafli hússins og á sitthvorri langhliðinni í norðaustur hluta hússins. Rýmingarleiðir skulu alltaf vera greiðfærar og fljótlegt að opna dyr innan og utan frá einnig þó rafmagn fari af byggingunni. Allar hurðir í flóttaleið svo og stíur skulu ávalt vera hægt að opna að utan sem innan án þess að nota verkfæri.

Loftræsting verður um opnanlega glugga á langhliðum hússins og um mæni.

Þakgluggi í mæni, tæplega 46m langur, samtals um það bil 80m², verður jafnframt reyklosunarop og skal því vera úr auðbrennanlegu efni (polycarbonat) og >5% af grunnflatarmáli.

Útljós skal setja við útgöngudýr og flóttaleiðir. Neyðarlýsingu skal setja upp skv. ÍST EN 1838 og ÍST EN 50172 og skal neyðarlýsing vera háð rafhlöðum.

Slöngukefli verður í húsinu, staðsett þannig að hægt sé að sprauta á hvaða stað sem er með 30m slöngu. Handslökkvitæki skal vera í húsinu og vera valið og staðsett í samráði við slökkvilið.

Næstu slökkvistöðvar eru í Árnesi, í 22 km fjarlægð, á Selfossi, í 23 km fjarlægð og á Flúðum, í 26 km fjarlægð.

Inntök vatns- og rafmagnslagna verða í aðstöðurými í norðurhorni hússins.
Vatnslagnir verða rör í rör kerfi lagðar í gólfi auk utanáliggjandi lagna.
Raflagnir og varbúnaður skal vera skv. gildandi reglugerðum og ætlaður til notkunar í landbúnaðarbyggingum.

Lyf og önnur hættuleg efni til þvotta o.þ.h. skulu geymd í læstum hirslum.

Útveggjaklæðning hússins verður í sambærilegum lit og eldri byggingar á staðnum.

Allur frágangur, efni og smíði hússins skal vera samkvæmt byggingarreglugerð.

Skýringar á táknum:

Noteininganúmer 01 01
Hæðakótar (ekki raunkóti) 0,00 0,0
T Rafmagnstafla
SL Slökkvitæki
UT Útljós
R Reykskynjari
Bsl.30m Brunaslanga 25mm, L=30m
Reyklosun

Helstu stærðir nýbyggingar
(sjá skráningartöflu)

Brúttó flatarmál gripahúss .......................... 861,1m²
Brúttó flatarmál haughúss .......................... 712,2m²

Brúttórúmmál ............................................ 5812,3m³

Helstu mál:
Útmál húss ................................ 58,98m x 14,60m
Sökkulmál(Concrete) ................ 58,90m x 14,52m

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
Samþykkt
21. júní 2017
Byggingarfulltrúi

AÐALHÖNNUÐUR

| ÚTG. | DAGS. | ÚTGÁFUFERILL | HANNAÐ | TEIKN. | YFIRF. |
|---|---|---|---|---|---|
| B1 | 18.9.2017 | Breyting á texta - flóttaleiðir | SSt | GH | |

EFLA
VERKFRÆÐISTOFA
Sími: 412 6000 www.efla.is

# Skeiðháholt 1 Skeiðum

801 Selfoss
Gripahús

Aðaluppdráttur
Afstöðumynd
Grunnmynd haugkjallara

| TEIKNINÚMER | BLAÐSTÆRÐ | | |
|---|---|---|---|
| 6586-002 | A1 | HANNAÐ: | GH |
| --_0_02_01 | | TEIKNAÐ: | GH |
| | | YFIRFARIÐ: | |

| DAGS. | MÆLIKVARÐI | | ÚTGÁFA |
|---|---|---|---|
| 19.04.2017 | 1:1000 | 3150 | B1 |

SAMÞYKKT:
Kennitala: Guðmundur Hjaltason kt. 070966-5579